



SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

AÐALSKIPULAG 2010-2022

Umhverfisskýrsla



28. júní 2011. Breytt 29. sept. 2011



AÐALSKIPULAG 2010 - 2022	1
1 UMHVERFISMAT AÐALSKIPULAGS ÖLFUSS 2010-2022	4
1.1 SAMANTEKT	4
1.2 INNGANGUR	4
1.3 TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ	5
1.3.1 Áætlanir á landsvísi	6
1.3.2 Alþjóðlegar samþykktir	7
2 UMFANG, ÁHERSLUR OG FRAMSETNING	7
2.1 MARKMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS	7
2.2 ÞÆTTIR ÁÆTUNAR SEM VALDIÐ GETA ÁHRIFUM	8
2.3 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ	8
3 UMHVERFISMAT	9
3.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS ÖLFUSS UM GRUNNKERFI	9
3.1.1 Áhrif Stefnu aðalskipulags vegna samgangna:	9
3.1.2 Valkostir fyrir samgöngur	10
3.1.3 Niðurstaða samanburðar	11
3.1.4 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags	11
3.1.5 Áhrif stefnu aðalskipulags um hafnir	12
3.1.6 Valkostir fyrir hafnir	12
3.1.7 Niðurstaða samanburðar	12
3.1.8 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags	13
3.1.9 Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir Grunnkerfi	13
3.2 STEFNA AÐALSKIPULAGS ÖLFUSS UM ATVINNU	14
3.3 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM NÁTTÚRU OG VERNDARSVÆÐI	15
3.4 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM SAMFÉLAG OG BYGGÐ	15
3.4.1 Stefna aðalskipulags um íbúðarsvæði	15
3.4.2 Valkostir fyrir íbúðarbyggð	16
3.4.3 Niðurstaða samanburðar	16
3.4.4 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags	17
3.4.5 Stefna aðalskipulags um opin svæði til sérstakra nota	17
3.4.6 Niðurstaða samanburðar	17



3.4.7	Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags.....	17
3.4.8	Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir samfélag og byggð	18
4	MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA.....	18
4.1	FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM	18
5	SAMRÁÐ.....	19
5.1	KYNNING UMHVERFISSKÝRSLU	19
6	SAMANLÖGÐ ÁHRIF	19
7	VIÐAUKI.....	20
8	HEIMILDASKRÁ.....	23



1 UMHVERFISMAT AÐALSKIPULAGS ÖLFUSS 2010-2022

1.1 SAMANTEKT

Með aðalskipulagi Ölfuss 2010–2022 er mörkuð stefna í skipulagsmálum til næstu 12 ára. Sveitarfélagið Ölfus er nokkuð landstórt sveitarfélag eða um 737 km². Ölfusið liggur vestur undir jaðri Reykjanesgosbeltisins Hæst nær landið upp í um 800 m y.s. í Hengli en byggðin er að mestu á flatlendi neðan 20 m y.s. Vestan við ósa Ölfusár opnast breið vík, Hafnarvík, norðan við lágt og sandorpið hraunnes, svonefnt Hafnarnes. Frá Bjarnavík til Hafnarvíkur ganga hraun hvarvetna í sjó fram og þar eru sjávarhamrar, nema í Þorlákshöfn. Hafnarnes er með aflíðandi halla til sjávar, þar sem það myndar 4-5 m háa bakka sem úthafsaldan brýtur. og þar er fjölbreytni mikil í landslagi og miklar auðlindir fólgnar í landkostum. Mikil auðævi felast í stórbrotinni náttúru landsins og er um helmingur þess háð einhvers konar verndun vegna náttúrfars, jarðfræði, útivistar eða vegna vatnsverndar. Atvinnusaga Ölfuss er tengd sjávarútvegi og fiskvinnslu en ýmis konar þjónusta hefur rutt sér til rúms síðari ár og þá sér í lagi ferðaþjónusta. Orkuvinnsla og uppbygging tengt henni hefur stuðlað að atvinnuuppbyggingu á ýmsum sviðum.

Umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar eru teknir saman í þrjá yfirflokka, náttúra, auðlindir og samfélag. Helstu viðmið sem litið er til við mat á áhrifum á umhverfisþætti eru stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun og þau lög og reglugerðir sem eiga við um hvern umhverfisþátt.

Þeir þættir sem öðrum fremur eru taldir geta haft áhrif á umhverfið eru: Stefna aðalskipulags um íbúðarbyggð þar sem gert er ráð fyrir myndun þéttbýlis í Árbæjarhverfi og uppbygging íbúðarhverfa í Þorlákshöfn, stefna aðalskipulags um tvöföldun Suðurlandsveggar og stefna aðalskipulags um stórskipahöfn. Ennfremur er almenn umfjöllun um stefnu aðalskipulags um atvinnu og náttúru og verndarsvæði.

Ýmsum valkostum hefur verið velt upp og tekin afstaða til áhrifa þeirra á umhverfi og samfélag og þeir bornir saman við grunnástand eða svokallaðan núllkost sem þýðir óbreytt stefna sveitarfélagsins. Við gerð umhverfismats var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlaða og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Umhverfismatið byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis sem fjallað er um í forsendum aðalskipulags.

Vöktun vegna nýrra framkvæmda verður ákveðin í mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar og/eða deiliskipulagsvinnu.

1.2 INNGANGUR

Vinna við endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss hófst árið 2007 með breytingu á aðalskipulagi sem tók til eftirfarandi atriða: **Þorlákshafnarlínur 2 og 3, iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar, iðnaðar-svæði við Gráuhnúka, stækkun iðnaðarsvæðis Hellsheiðarvirkjunar, iðnaðarsvæði við Bitru, stækkun efnistökusvæðis við Lambafell og niðurfelling flugvallar.** Samhliða endurskoðun aðalskipulags var unnið umhverfismat aðalskipulagsáætlunarinnar eins og lög nr. 105/2006 gera ráð fyrir. Landmótun sf og Steinsholt sf unnu að gerð umhverfisskýrslu aðalskipulags Ölfuss í samvinnu við skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd Ölfuss ásamt stýrihópi aðalskipulags.



Í aðalskipulagsáætlun kemur fram stefna sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál sveitarfélagsins til ársins 2022. Aðalskipulagið er unnið í samráði við íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila og er byggt á þeim markmiðum sem koma fram í skipulagslögum.

Umhverfismat áætlana skv. lögum nr. 105/2006 er fastur liður í vinnu við endurskoðun aðalskipulags. Markmið laganna er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Í samræmi við þau markmið er umhverfismat unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins og nýttist því sem innlegg í aðalskipulagsgerðina og stuðlar að upplýstri og gagnsæri ákvarðanatöku

Hér er sett fram umhverfismat aðalskipulags Ölfuss í samræmi við kröfur laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 en í eftirfarandi töflu má sjá hvernig umhverfisskýrslan uppfyllir skilyrði um umfang og áherslur.

Samkvæmt lögum umhverfismat áætlana skal eftirfarandi koma fram í umhverfismati aðalskipulags:	Í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 og umhverfismati þess er fjallað um þessi atriði með eftirfarandi hætti:
Yfirlit yfir efni aðalskipulagsins.	Sjá kafla 1-5 í greinargerð aðalskipulagsins.
Tengsl við aðrar áætlanir.	Sjá kafla 1.3 í greinargerð aðalskipulagsins, heimildaskrá og kafla 1.3 í umhverfisskýrslu þar sem sjá má hvaða áætlunum öðrum byggt hefur verið á við gerð aðalskipulagsins.
Upplýsingar um grunnástand umhverfisins.	Sjá forsendur og kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Umfjöllun um líklega þróun umhverfisins án framfylgdar aðalskipulagsins.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu, en þar er fjallað um núllkosta.
Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða aðalskipulagið, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.	Sjá forsendur og kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða aðalskipulagið og hvernig tillit hefur verið tekið tillit til þeirra.	Sjá kafla 3 og 7 í umhverfisskýrslu.
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum raunhæfra valkosta við aðalskipulagið.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Upplýsingar um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.	Sjá kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Lýsing á því hvernig matið fór fram, upplýsingar um vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa.	Sjá kafla 3-7 í umhverfisskýrslu.
Samantekt.	Sjá kafla 6 í þessum viðauka og niðurstöður umhverfismats í kafla 3 og 4.

1.3 TENGL VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ

Við gerð umhverfisskýrslu verður horft til og tekið mið af eftirfarandi áætlunum. Horft var einnig til alþjóðlegra samninga og annarra stefnuskjala stjórnvalda eftir því sem við á.



1.3.1 ÁÆTLANIR Á LANDSVÍSU

Áætlanir til athugunar	Tenging	Samræmi/ósamræmi við aðrar áætlanir
Náttúruverndaráætlun 2009-2013, Náttúruminjaskrá	Friðlýst svæði innan Sveitarfélagsins Ölfuss og svæði á náttúruminjaskrá	Tillagan er í samræmi við náttúruverndaráætlun þar sem lagt er til verndunar í Grændal og Reykjadal sem og afmörkun svæðis innan Sveitarfélagsins Ölfuss á verndarsvæðinu Brennisteinsfjöll og Herdísarvík.
Samgönguáætlun	Vegaframkvæmdir innan sveitarfélagsins.	Tillagan er í samræmi við samgönguáætlun 2007-2010 sem og tillögu til þingsályktunar 2003-2014 sem gerir ráð fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar.
Aðalskipulag nágrannasveitarfélaga	Landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk.	Tillagan er í samræmi við: Aðalskipulag Hveragerðis 2005-2017. Aðalskipulag Árborgar 2005-2025. Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012. Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016. Aðalskipulag Grindavíkur 2000-2020. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2007-2020	Tekið er á sorpförgun á Suðurlandi.	Endurskoðun aðalskipulags tekur mið af gildandi áætlun.
Landsáætlun 2004 – 2020, Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs	Tekið á sorpförgun	Endurskoðun aðalskipulags samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur þessum málaflokki.
Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi Stefnumörkun til 2020	Tekið á öllum málaflokkum	Endurskoðun aðalskipulags samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur.
Kerfisáætlun Landsnets 2010-2014	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022, og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Endurskoðun aðalskipulags er í samræmi við kerfisáætlun Landsnets (kafli 7.4).
Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022, og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Endurskoðun aðalskipulags samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur þessum málaflokki.
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022, og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Endurskoðun aðalskipulags samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur þessum málaflokki.

**1.3.2 ALÞJÓÐLEGAR SAMÞYKKTIR**

Markmið og ákvæði eftirfarandi alþjóðlegra samþykktanna liggja til grundvallar framtíðarsýn og stefnu aðalskipulags Ölfus.

Áætlanir til athugunar	Tenging
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd (París 1950).	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar, og hvað varðar vargflugla.
Ramsarsamningur Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi (Ramsar 1971).	Ekkert svæði nýtur verndar á grundvelli samningsins innan Ölfus. En aðalskipulagið tekur mið af samningnum með að raska sem minnst votlendi.
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979).	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Río 1992).	Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.
Rammasamningur sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Río de Janeiro 1992).	Stemmt verði stigi við auknum gróðurhúsáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir.
Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (C 42/1995) http://whc.unesco.org	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess.

2 UMFANG, ÁHERSLUR OG FRAMSETNING**2.1 MARKMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS**

Í eftirfarandi kafla er fjallað um helstu umhverfisáhrif sem tillaga að Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 er líkleg til að hafa í för með sér. Fjallað er um áhrif tiltekinna málaflokka og stefnumörkun þeirra á helstu umhverfisþætti. Lögð er áhersla á að meta umhverfisáhrif breytinga frá gildandi aðalskipulagi með síðari breytingum. Í lok kafla 3.1-3.3. í skipulagsgreinargerð er birt niðurstaða umhverfismats en málaflokkarnir eru:

- **Náttúra og minjar** þar sem fjallað er um verndarsvæði, náttúruvá og óbyggð svæði.



- **Samfélag og byggð**, þar sem fjallað er um þjónustustofnanir, frístundabyggð, íbúapróun, íbúðarhúsnæði, íbúðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota.
- **Atvinna**, þar sem fjallað er um verslun og þjónustu, athafnasvæði, iðnaðarsvæði, efnistöku og sorphögun.
- **Grunnkerfi**, þar sem fjallað er um samgöngur og veitur.

2.2 ÞÆTTIR ÁÆTUNAR SEM VALDIÐ GETA ÁHRIFUM

Í umhverfismati fyrir aðalskipulag Ölfuss eru það eftirfarandi þættir sem taldir eru geta haft neikvæð áhrif í för með sér en það er stefna aðalskipulags um íbúðarbyggð þar sem gert er ráð fyrir myndun þéttbýlis í Árbæ. Í málaflökknum samgöngur og veitur er það stefna aðalskipulags um tvöföldun Suðurlandsvegur, stefna aðalskipulags um veg fyrir þungaumferð frá hafnarsvæði að iðnaðarsvæðum vestan Þorlákshafnarog stefna aðalskipulags um stórskipahöfn. Ennfremur almenn umfjöllun um stefnu aðalskipulags um atvinnu og náttúru og verndarsvæði.

2.3 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ

Umhverfisþættir og umhverfisviðmið

Við gerð umhverfisskýrslu fyrir Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022 var ákveðið að horfa sérstaklega til umhverfisþáttanna, náttúra, samfélag og auðlindir. Þar undir koma nokkrir undirþættir sem greinast eftirfarandi:

- **Náttúra:** Undirþættir eru landslag, jarðfræði og jarðmyndanir, gróðurfar og dýralíf og vatnafar.
- **Samfélag:** Undirþættir eru samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, menningarminjar og öryggi.
- **Auðlindir:** Undirþættir eru landrými, verndarsvæði, orkunotkun, vatnsnotkun/vatnsbúskapur, jarðefnanotkun, landslag/ásýnd og sorph og fráveita.

Að baki hverjum umhverfisþætti eru lagðar fram forsendur þess að hann er valinn og hvar upplýsingar um hann er að finna. Að baki hverjum umhverfisþætti liggja matsspurningar og viðmið. Viðmið eru ýmist stefna sveitarstjórnar, lög og reglugerðir eða stefna íslenskra stjórnvalda. Þar sem hægt er að meta með mælingum áhrif og/eða breytingar af völdum aðalskipulags Ölfuss á tiltekinn umhverfisþátt eru notaðir umhverfisvísar. Með þeim er hægt að afmarka gagnasöfnun um tiltekinn umhverfisþátt við ákveðin atriði. Nánari skýringar á umhverfisþáttum og viðmiðum má finna í lok umhverfisskýrslu.

Umhverfismatið – aðferðir og framsetning niðurstaðna

Upplýsingar sem nýttar verða við gerð umhverfisskýrslu eru gögn sem aflað hefur verið við gerð gildandi Aðalskipulags Ölfuss ásamt gögnum sem tengjast umhverfismati einstakra framkvæmda innan sveitarfélagsins sem og tilkynningargögn og gögnum sem aflað hefur verið í tengslum við þá vinnu. Byggt var á fyrirliggjandi upplýsingum um ástand umhverfis í Sveitarfélaginu Ölfusi, þ.m.t. á fyrirliggjandi upplýsingum úr málsmeðferð einstakra framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í umhverfismatinu er leitast við að fjalla almennt um umhverfisáhrif þeirrar stefnu sem sett er fram í aðalskipulagstillögunni og miða upplýsingar og nákvæmni við það almenna stig sem stefna í aðalskipulagi er.



Þetta þýðir að matið er fremur almennt og í mörgum tilvikum er einungis unnt að segja til um hvaða þættir gætu orðið fyrir áhrifum og hvers eðlis þau áhrif kunna að verða, fremur en að segja nákvæmlega til um hver áhrifin verða. Þau þarf að skoða nánar á deiliskipulagi og við framkvæmdaleyfisveitingu og í mati á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í umfjöllun um umhverfisáhrif er gerð grein fyrir hvaða framkvæmdir í málaflokknum háðar þeim lögum.

Til að lýsa vægi áhrifanna eru notaðar venslatöflur þar sem áhrifum er lýst á eftirfarandi hátt:

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt. Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.
Óveruleg/Óljós	0/?	Óveruleg eða óljós áhrif á umhverfisþátt Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.

3 UMHVERFISMAT

3.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS ÖLFUS UM GRUNNKERFI

Stefna aðalskipulags um grunnkerfi er sett fram í köflum 3.3, 4.4 og 5.4 í greinargerð aðalskipulags.

Áhrif grunnkerfa verða fyrst og fremst á ásýnd og landslag vegna tilkomu samgöngu- og hafnarmannvirkja. Einnig hafa þau áhrif á samfélagslega þætti eins og atvinnu og þróun þéttbýlis og áhrif á náttúru þar sem óraskað land fer undir mannvirki er tengjast grunnkerfinu. **Stefna Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022 um reið-, göngu- og hjólaleiðir, raf-, hita-, vatns- og fráveitu í dreifbýli eru talin vera óveruleg á alla umhverfisþætti og því ekki fjallað sérstaklega um það nema í –heildarniðurstöðu fyrir grunnkerfi.**

3.1.1 ÁHRIF STEFNU AÐALSKIPULAGS VEGNA SAMGANGNA:

Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi sem geta haft í för með sér neikvæð umhverfisáhrif eru vegna breikkunar Suðurlandsveggar og stefna um stórskipahöfn.

Megin markmið sveitarfélagsins um vegi er að leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi ásamt samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu íbúa utan býla. Að stuðlað verði að endurbótum meginleiða í byggð og að almenningssamgöngur verði efdar. Lögð er til breyting á



Suðurlandsvegi þar sem gert er ráð fyrir að hann verði gerður 2+2 vegi. Vegurinn liggur þvert í gegnum sveitarfélagið um Hellisheiði að Selfossi. Gert er ráð fyrir tvöföldun vegarins ásamt mislægum gatnamótum á nokkrum stöðum.

3.1.2 VALKOSTIR FYRIR SAMGÖNGUR

Við endurskoðun Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022 var miðað við að efla samgöngur og auka umferðaröryggi með bættum samgöngum. Umfjöllun um valkosti snéri að útfærslu á legu Suðurlandsvegur. Gerður var samanburður á þremur kostum, þ.e. stefnan sem sett er fram í aðalskipulagi, leið D og núllkosti. Leið D ber að mestu saman við stefnu aðalskipulags en frá Kömbum og austur að eystri Hvammsvegumótum færast vegsvæðið allnokkuð til suðurs. Tvö mislæg gatnamót yrðu þá innan sveitarfélagsins í stað þriggja; við Þórustaði og við Hvammsafleggjara. Auk þess er borið saman við núllkost sem er líkleg þróun ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins.

Valkostir varðandi veginn fyrir þungaumferð voru annars vegar að láta hann að mestu leyti fylgja Suðurstrandavegi og hins vegar að fara með veginn norður fyrir núverandi brunnsvæði við Þorlákshöfn.

Breikkun Suðurlandsvegur sjá (kafla 3.3.1)	Lýsing á áhrifum aðalskipulagstillögunnar	Leið D	Núllkostur
<i>Náttúra</i>	Aukin sjónræn áhrif. Neikvæð áhrif geta orðið á gróður- og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir þar sem nýtt land verður tekið undir mannvirki s.s. mislæg gatnamót og hliðarvegi.	Mun meira af landi undir mannvirki, þ.a.l. neikvæð áhrif á gróður- og fuglalíf, jarðfræði og jarðmyndanir, landslag og vatnafar.	Engin áhrif á náttúrufarslega þætti..
<i>Auðlindir</i>	Áhrif samgönguuppbyggingar í Ölfusi hefði líklega óveruleg áhrif á verndarsvæði, orkunotkun og vatnsnotkun /vatnabúskap. Aukin jarðefnanotkun. Vegsvæðið breiðkar, auk þess sem gera þarf ráð fyrir hliðarvegum til að tengja byggð við mislæg gatnamót. Mikið land sem fer undir vegi og helgunarsvæði þeirra.	Aukið rými fyrir þróun þéttbýlis og íbúðar- og frístundabyggingar meðfram núverandi Suðurlandsvegi. Verið er að leggja veg um Ölfusforir sem eru á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts fuglalífs og vegna votlendis. Hugsanlega aukin jarðefnanotkun vegna nýs vegstæðis og á neikvæð áhrif á vatnabúskap á votlendissvæði.	Engin áhrif á auðlindir þar sem ekki verða gerðar breytingar á núverandi vegi
<i>Samfélag</i>	Jákvæð áhrif á efnahag þar sem verslunar- og þjónustustarfsemi getur eflist sem grundvallast af nálægð við mikla stóra samgönguæð. Greiðari samgöngur við höfuðborgarsvæðið og tvöföldun vegarins mun styrkja svæðið til muna fyrir íbúðarbyggð- og atvinnustarfsemi. Vegurinn mun liggja nærri íbúðarsvæðum og hafa neikvæð áhrif á hljóðvist á nokkrum stöðum, sbr. niðurstöðu matskýrslu um breikkun Suðurlandsvegur milli Hveragerðis og Selfoss. Samgöngumannvirki eru á svæði þar sem hætta er á árflóðum og jarðskjálftum. Óljós áhrif á loftgæði.	Hugsanlega neikvæð áhrif á áætlaða verslunar- og þjónustustarfsemi vegna aukinnar fjarlægðar Suðurlandsveg, en um leið myndi sú umferð sem ætlar sér að nýta þjónustu á svæðinu færast inn á núverandi veg. Samgöngumannvirki eru á svæði þar sem hætta er á árflóðum og jarðskjálftum. Fækkun veltenginga og mislægra gatnamóta hefur í för með sér verulega bætt umferðaröryggi og minni hættu fyrir vegfarendur og íbúa á svæðinu. Jákvæð áhrif á hljóðvist þar sem vegurinn mun liggja fjær byggð. Ekki er gert ráð fyrir byggt verði sunnan vegarins milli Varmár og Sandhóls/Grænhóls.	Fjöldi veltenginga skapar verulega hættu í umferð. Mikil og vaxandi umferð og takmarkandi útsýni til framúraksturs skapar hættu í umferðinni.



Vegur fyrir þungaumferð sjá (kafla 3.3.1)	Lýsing á áhrifum aðalskipulagstillögunnar	Leið B vegur meðfram Suðurstrandavegi	Núllkostur
Náttúra	Aukin sjónræn áhrif. Neikvæð áhrif geta orðið á gróður- og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir þar sem nýtt land verður tekið undir mannvirki.	Aukin sjónræn áhrif. Neikvæð áhrif geta orðið á gróður- og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir þar sem nýtt land verður tekið undir mannvirki.	Óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti..
Auðlindir	Óveruleg áhrif á áhrif á verndarsvæði, gert er ráð fyrir færslu brunnsvæðis Þorlákshafnar til norðurs og mun því vegurinn ekki fara í gegnum vatnsverndarsvæði, óveruleg áhrif orkunotkun og vatnsnotkun /vatnsbúskap. Aukin jarðefnanotkun vegna vegagerðar.	Óveruleg áhrif á verndarsvæði, orkunotkun, vatnsnotkun/vatnsbúskap. Aukin jarðefnanotkun vegna vegagerðar.	Óveruleg áhrif á auðlindir
Samfélag	Óveruleg áhrif á efnahag. Jákvæð áhrif á hljóðvist og loftgæði vegna meiri fjarlægðar frá Þorlákshöfn.	Óveruleg áhrif á efnahag. Neikvæð áhrif á hljóðvist og loftgæði vegna minni fjarlægðar frá Þorlákshöfn.	Óbreytt stefna rýrir möguleika til atvinnuuppbyggingar.

3.1.3 NIÐURSTAÐA SAMANBURÐAR

Niðurstaða samanburðar leiðir í ljós að þær leiðir sem til umfjöllunar voru hafa neikvæð áhrif á náttúru en leið D þó umtalsvert meiri, þar sem hún fer yfir að hluta til óraskað land. Leið D hefur jákvæð áhrif á landrými þar sem aukið rými myndi myndast fyrir þróun þéttbýlis en neikvæð áhrif á verndarsvæði, vatnsbúskap og jarðefnanotkun. Óveruleg áhrif yrðu á orkunotkun. Tillaga aðalskipulags hefði hins vegar óveruleg áhrif á verndarsvæði, orkunotkun, vatnsnotkun /vatnsbúskap en neikvæð áhrif á landrými þar sem ákjósanlegt byggingarland skerðist frá því sem nú er vegna meira lands sem fer undir vegi og helgunarsvæði þeirra. Áhrif tillögu aðalskipulags á samfélag eru jákvæð á efnahag en neikvæð á hljóðvist nærliggjandi íbúðarbyggðar. Áhrif núllkosts eru í neikvæð á samfélag og auðlindir en óveruleg á náttúru.

Niðurstaða samanburðar fyrir vinnuveg fyrir þungaumferð leiðir í ljós að vegur sem liggja mun fjærð byggðinni mun hafa í för með sér ásýndarbreytingu og aukin sjónræn áhrif þar sem verið er að gera ráð fyrir nýju mannvirki í óbyggðu landi. Vegna fjarlægðar við byggð í Þorlákshöfn er dregið úr þessum áhrifum og einnig verða loftgæði og hljóðvist betri vegna meiri fjarlægðar við byggð.

3.1.4 MÓTVÆGISAÐGERÐIR VEGNA STEFNU AÐALSKIPULAGS

Huga skal vel að hönnun og ásýnd samgöngumannvirkja þannig að framkvæmdir falli vel að landslagi. Huga vel að vali á efnisnámmum við framkvæmdir þannig að ekki gerist þörf á að opna nýjar námur á framkvæmdatíma. Huga skal vel að hönnun og ásýnd samgöngumannvirkja þannig að framkvæmdir falli vel að landslagi. Huga vel að vali á efnisnámmum við framkvæmdir þannig að ekki gerist þörf á að opna nýjar námur á framkvæmdatíma. Til að tryggja að hljóðstig verði undir mörkum reglugerðar miðað við framtíðarumferð á tvöföldum vegi fyrir alla byggð. Gera þarf hljóðmanir eða aðrar hljóðvistaraðgerðir, þar sem ekki reynist pláss til gerðar hljóðmana. Í matsskýrslu Vegagerðarinnar um breikkun Suðurlandsveggar milli Hveragerðis og Selfoss er gerð grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum.

3.1.5 ÁHRIF STEFNU AÐALSKIPULAGS UM HAFNIR

Í Þorlákshöfn er gert ráð fyrir uppbyggingu stórskiphafnar. Markmið sveitarfélagsins um hafnir eru:

- Stefnt er að eflingu starfsemi tengdri sjósókn og flutningum á sjó.
- Tryggð verði fyrirtaks aðstaða fyrir flutningastarfsemi og aðra hafnsækna starfsemi.
- Bestu fánlegri tækni verði ávallt beitt til að draga úr mengun frá hafnarsvæðum. Umhverfisásýnd hafnarsvæða skal ávallt vera til fyrirmyndar.

3.1.6 VALKOSTIR FYRIR HAFNIR

Við vinnslu aðalskipulagsins voru ekki settir fram afmarkaðir valkostir til samanburðar á hafnarsvæðum. Umfjöllunin var fremur fölginn í skilgreiningu mismunandi möguleika á sviði atvinnu og afmörkun, staðsetning og tilhögun hafnarsvæðisins og hvernig hafnarsvæði og önnur landnotkun fara saman.

Hafnir	Lýsing á áhrifum aðalskipulagstillögunnar	Núllkostur
Náttúra	Neikvæð áhrif á landslag vegna stækkunar hafnarsvæðis, aukin sjónræn áhrif vegna stækkunar en einnig vegna landfyllinga og efnistöku. Áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, gróðurfar- og dýralíf eru óljós þar sem afla þyrfti rannsóknna um lífríki á svæðinu. Vísað er því til umhverfismats framkvæmda og umhverfismat með deiliskipulagi þegar þar að kemur.	Áhrif núllkosts yrðu óveruleg á náttúrarslega þætti.
Auðlindir	Stórskiphöfn þarf mikið landrymi fyrir geymslusvæði og vinnusvæði. Til þess að svara því þarf að ganga á núverandi garðlönd (U4) og jafnvel eitthvað á golfvöllinn og færa hann lengra til norðausturs. Uppbygging stórskiphafnar mun hafa áhrif á jarðefnanotkun þar sem mikið efni þarf í varnargarða. Efni mun verða tekið úr opnum námum í Hafnarsandi og á staðnum. Áhrif á verndarsvæði, orkunotkun og vatnafar eru talin vera óljós eða óveruleg.	Óveruleg á auðlindir.
Samfélag	Áhrif stórskiphafnar munu vera jákvæð á efnahag og atvinnulíf í sveitarfélaginu þar sem verið er að auka við atvinnutækifæri í sveitarfélaginu og þar af leiðandi jákvæð áhrif á íbúapróun. Stækkun hafnarinnar og tilkoma Suðurstrandarveggar gæti haft meiri áhrif á fjölgun atvinnutækifæra og aðra uppbyggingu í Þorlákshöfn Óljós áhrif eru vegna heilsu og öryggis. Ljóst er að umferð stærri bíla um svæðið mun aukast en hversu mikil áhrif það mun hafa á loftgæði er óljóst. Ekki er talið að hávaði frá svæðinu muni hafa veruleg áhrif þar sem engin íbúðarsvæði eru í næsta nágrenni. Hafnarsvæðið er aðskilið íbúðarsvæðum með iðnaðar- og athafnasvæðum og því munu áhrifin vera óveruleg. Ekki eru neinar skráðar formínjar á fyrirhuguðu hafnarsvæði. Stórskiphöfn getur haft jákvæð áhrif á flutninga þar sem það sparar siglingu fyrir Reykjanes í einhverjum tilfellum.	Áhrif núllkosts yrðu þau að ef ekki yrði farið í framkvæmdir á stórskiphöfn þá þyrfti að leita annarra leiða til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Með tilkomu Landeyjahafnar munu umsvif núverandi hafnaraðstöðu minnka til muna og einnig hefur skerðing á aflaheimildum leitt til minni umsvifa. Áhrif á náttúrarslega þætti og auðlindir yrðu óveruleg.

3.1.7 NIÐURSTAÐA SAMANBURÐAR

Núll kostur gerir ekki ráð fyrir stórskiphöfn á núverandi hafnarsvæði Þorlákshafnar. Án hafnaraðstöðu í tengslum við iðnaðaruppbyggingu þyrfti allur inn og útflutningur tengdur þeirri starfsemi að fara um vegakerfi sveitarfélagsins, slíkt hefði verulega neikvæð áhrif á samgöngur, heilsu og öryggi vegfarenda. Án bættar hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn er líklegt að slíkt hefði neikvæð áhrif á hafnsækna starfssemi, öryggi sjó- og vegfarenda og færri möguleikar til uppbyggingar atvinnulífs.

3.1.8 MÓTVÆGISADGERÐIR VEGNA STEFNU AÐALSKIPULAGS

Huga vel að tilhögun og ásýnd hafnarmannvirkja. Við hönnun hafnarmannvirkja þarf m.a að fylgja þeirri stefnu sveitarfélagsins að framkvæmdir falli vel að landslagi.

Grunnkerfi	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Vegir	-	-/0	+/-
Hafnir	-/?	-/?	+
Rafveita	0	0	0
Fráveita	0	0	0
Vatnsveita	0	0	0
Hitaveita	0	0	0
Gönguleiðir	0	0	0
Reiðleiðir	0	0	0
Hjólaleiðir	0	0	0

Tafla 3-1 Umhverfisáhrif stefnu um grunnkerfi.

3.1.9 HEILDARNIÐURSTAÐA UMHERFISÁHRIFA FYRIR GRUNNKERFI

Umfiöllun um jákvæð og neikvæð áhrif stefnumiða Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022 varðandi samgöngur beindist að því að stuðla að öruggara samgöngukerfi og samtengingu byggðar, efla og sameina þjónustu og atvinnusvæði innan sveitarfélagsins. Áhrif áforma sveitarstjórnar Ölfuss sem koma fram í aðalskipulagi 2010-2022 eru líkleg til að hafa talsverð áhrif á umhverfi og samfélag. Bættar samgöngur milli Ölfuss og Höfuðborgarsvæðisins annarsvegar og Árborgar hinsvegar mun styrkja Sveitarfélagið Ölfus sem atvinnu- og þjónustusvæði og efla það sem eitt félagssvæði sem og auka umferðaöryggi. Áhrif samgönguuppbyggingar í Ölfusi hefði líklega óveruleg til neikvæð áhrif á jarðmyndanir, lífríki, neikvæð áhrif á landslag og landrymi en jákvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, öryggi, efnahag og orkunotkun.

Stefnumörkun aðalskipulags um veg fyrir þungaumferð mun hafa möguleg neikvæð áhrif á náttúrufar og á jarðefnanotkun en jákvæð áhrif á hljóðvist og loftgæði.

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfus 2010-2022 sem snýr að stórskipahöfn fyrst og fremst til með að hafa möguleg neikvæð áhrif á jarðmyndanir, lífríki og ásýnd landslags. Stefnumörkun mun hafa jákvæð áhrif á samfélag og má þar helst nefna efnahag, atvinnutækifæri og félagslegt umhverfi.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á vatns-, hita- raf- eða fráveitu annarri en samfara almennri uppbyggingu í sveitarfélaginu en stefna endurskoðaðs aðalskipulags um stofnkerfi veitumannvirkja er að línur eða lagnir skulu lagðar í jörð eins og kostur er. Áhrif stefnu endurskoðaðs aðalskipulags um veitur er því talin hafa óveruleg áhrif á alla umhverfisþætti. Flutningur raforku með loftlínunum kallar á framkvæmdir á opnum svæðum þar sem háspennumöstur eru vel sýnileg og því nauðsynlegt að endurmeta það reglulega m.t.t. nýrrar tækni.

3.2 STEFNA AÐALSKIPULAGS ÖLFUS UM ATVINNU

Stefna aðalskipulags um atvinnu er sett fram í köflum 3,2, 4.3 og 5.3 í greinargerð aðalskipulags.

Í Aðalskipulagi Ölfus er stefnt að því að nýta og efla þá sérstöðu sem sveitarfélagið hefur í tengslum við stórskipahöfn, orkufrekan iðnað, jarðvarmanýtingu og góðar samgöngur til og frá sveitarfélaginu til þess að byggja upp öflugt og fjölbreytt atvinnulíf. Talið er að helstu sóknarfæri atvinnuuppbyggingar séu á sviði:

- samgangna: stórskipahöfn, nálægð og greiðar samgöngur við höfuðborgarsvæðið,
- orkuöflunar: jarðhitanýting og orkufrekur iðnaður,
- þekking og þjónusta á sviði vinnslu sjávarfangs,
- ferðaþjónusta.

Nýting jarðvarma skapar sóknarfæri í atvinnuuppbyggingu í bland við aðra uppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélaginu, t.a.m. uppbyggingu á sviði sjávarútvegs, matvælaíðnaðar og ferðaþjónustu. Möguleg neikvæð áhrif geta orðið vegna áforma um orkufreka starfsemi en almennt má segja að áætlanir um orkufrekan iðnað kalla á stækkun eða byggingu orkuvera. Uppbygging er oft á tíðum á svæðum sem búa yfir töluverðu verndar- og útivistargildi, aðallega vegna sérstæðrar jarðfræði og landslags. Orkuöflun og flutningsnet orku þarf að skoða í heildarsamhengi jafnvel þó tengdar framkvæmdir kunni að vera staðsettar utan sveitarfélagsmarka. Stefnumótun sem miðar að því að auka orkufrekan iðnað er því líkleg til að valda neikvæðum áhrifum á svæði sem njóta verndar vegna sérstæðs náttúrufars.

Sveitarfélagið Ölfus hefur þegar sett fram svæði undir orkufrekan iðnað og þjónustu tengd honum vestan Þorlákshafnar og skal þeirri stefnu haldið áfram til að miða að því að halda slíkri starfsemi á tiltölulega afmörkuðu svæði þar sem tengingar við samgöngur, höfn og orkuöflun eru sem hagkvæmastar. Uppbygging iðnaðarsvæða meðfram helstu stofnvegum mun hafa í för með sér ásýndarbreytingu og er því mikilvægt að koma í veg fyrir neikvæð áhrif, svo sem óaðlaðandi ásýnd eða útsýni frá helstu samgöngumannvirkjum með því að setja kröfur á hönnunar- og deiliskipulagsstigi. Kröfur væri hægt að setja um samræmt heildarútlit, um ásýnd, hlutfall grænna svæða, umhirðu, umgengni, sýnileika mannvirkja, litavali, landslagsmótun, skipulag umferðar og bílastæða. Á hönnunar- og deiliskipulagsstigi verði einnig gripið til aðgerða næst íbúðabygging til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á loftgæði og hljóðvist. Áhrif af stefnu í málaflaknum atvinnu er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á fjölbreytileika í atvinnulífi sveitarfélagsins. Með þessu er einnig stuðlað að því að gera bæjarfélagið að eftirsóknarverðari búsetukosti. Ekki er talið að stefna sveitarfélagsins varðandi uppbyggingu minniháttar atvinnurekstrar muni hafa áhrif á verðmæt landbúnaðarsvæði í sveitarfélaginu þar sem uppbygging mun fara fram á svæðum sem þegar eru röskuð og í mörgum tilfellum í byggingum sem eru nú þegar til staðar.

Sveitarfélagið Ölfus er aðili að Sorpstöð Suðurlands sem er byggðasamlag flestra sveitarfélaga á Suðurlandi. Unnin hefur verið svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem er samstarfsverkefni Sorpu bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. og Sorpurðunar Vesturlands hf. Stefna um sorpfögun er háð útfærslu skv. svæðis- og landsáætlanagerð um meðhöndlun úrgangs og er framfylgd sorpfögunar í samræmi við þær áætlanir.

Megin stefna endurskoðaðs aðalskipulags vegna efnistöku fela í sér að stefnt verði að því að efnistökuáhrif verði fái og stórir frekar en margir og smáir. Sú stefna að staðirnir verði fái og stórir og að efni skuli vel nýtt er talinn besti kosturinn m.t.t. umhverfisáhrifa og áhrifin því talin óveruleg þó staðbundin áhrif sé alltaf til staðar

Atvinna	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Landbúnaðarsvæði	0	0	0
Svæði fyrir þjónustustofnanir	0	0	0
Verslunar- og þjónustusvæði	0	0	0
Athafnasvæði,	0	0	0
Iðnaðarsvæði,	0/-/?	0/-/?	+/?
Efnistökusvæði	0/-	0/-	0
Sorpfögunarsvæði	0	0	0

Tafla 3-2. Umhverfisáhrif stefnu um atvinnu.



t.a.m. á landslag og jarðmyndanir. Gæta verður að mengunarvörnum vegna efnistökuáða þá sér í lagi þar sem efnistökuáðir eru staðsettir innan vatnsverndarsvæða.

3.3 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM NÁTTÚRU OG VERNDARSVÆÐI

Stefna aðalskipulags um náttúru og verndarsvæði er sett fram í köflum 3.4, 4.5 og 5.5 í greinargerð aðalskipulags.

Í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 er lagt til að komið verði á hverfisvernd á nokkrum stöðum til viðbótar við þá sem skilgreindir voru í gildandi aðalskipulagi. Hverfisvernd verði sett á Grændal og Reykjadal á Hellisheiði sem er í samræmi við náttúruverndaráætlun. Hverfisverndarsvæði H2, Hlíðarvatn, Selvogsheiði, Brennisteinsfjöll og Herdísarvík, er stækkað til norðurs og austurs til samræmis við náttúruverndaráætlun og sett er á vernd við hellinn Búra. Í Þorlákshöfn er hverfisverndarsvæði sunnan Egilsbrautar stækkað. Stefnt er að því að ljúka flokkun vatnasvæða og strandsvæða á skipulagstímanum.

Stefna sveitarfélagsins er að styðja við uppbyggingu útivistar- og afþreyingarsvæða. Núverandi ástand óbyggðra svæða mun breytast lítið með tilkomu byggðarþróunar eins og fram kemur í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að ljúka við skráningu fornminja á skipulagstímanum. Stuðlað verði að varðveislu annarra minja og þær merktar eftir því sem kostur er sem m.a. rennir styrkari stöðum undir ferðaþjónustu á svæðinu. Á heildina lítið kemur stefnumörkun Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022 sem snýr að náttúru og verndarsvæðum fyrst og fremst til með að hafa jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem metnir eru.

3.4 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM SAMFÉLAG OG BYGGÐ

Stefna aðalskipulags um samfélag og byggð er sett fram í köflum 3.1, 4.2 og 5.2 í greinargerð aðalskipulags.

Áhrif stefnu aðalskipulags um samfélag og byggð verða fyrst og fremst staðbundin áhrif á náttúrfar og landslag vegna tilkomu nýrra mannvirkja undir byggð eða nýja útivistarmöguleika. Sjóræn áhrif verða nokkur þar sem áður óbyggt land fer undir byggingar, vélhjólsvæði eða golfvöll.

Gert er ráð fyrir að íbúum Sveitarfélagsins Ölfus fjölgi um 200-700 íbúa yfir skipulagstímabilið. Fjölgun íbúa og uppbygging samhliða henni veldur aukinni eftirspurn eftir heilsugæslu og öldrunarþjónustu og uppbygging hefur áhrif á ásýnd sveitarfélagsins. Í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 er gert ráð fyrir að uppbygging íbúðarsvæða verði í Þorlákshöfn og í Árbæjarhverfi.

Stefna Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022 um fristundasvæði eru talin vera óveruleg á alla umhverfisþætti þar sem verið leggja til fækkun svæða og því ekki fjallað sérstaklega um það nema í samantektartöflu og -texta.

3.4.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM ÍBÚÐARSVÆÐI

Frá gildandi aðalskipulagi er helsta breytingin að gert ráð fyrir aukinni byggð í Árbæjarhverfi, á stöku svæðum í dreifbýli t.d. við Hvammshring og breyting á íbúðarsvæðum innan Þorlákshafnar en þar er horft til þess að fullnýta núverandi byggingarsvæði og þetta byggð við miðsvæði bæjarins til að styrkja uppbyggingu þjónustu á svæðinu og til að takmarka vegalengdir á milli þjónustu og íbúðarbyggðar.

Náttúra og verndarsvæði	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Þjóðminjaverndarsvæði	0	0	0
Óbyggð svæði	0	0	0
Verndarsvæði neysluvatns	0	0	0
Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns	0	0	0
Náttúruverndarsvæði	0	0	0
Hverfisverndarsvæði	0	0	0
Svæði undir náttúruvá	0	0	0

Tafla 3-3. Umhverfisáhrif stefnu um náttúru og verndarsvæði.

3.4.2 VALKOSTIR FYRIR ÍBÚÐARBYGGÐ

Valkostir sem horft var til var annars vegar uppbygging í Þorlákshöfn og í nýjum þéttbýliskjarna í Árbæjarhverfi ásamt skilgreindum íbúðarsvæðum í dreifbýli. Hvaða áhrif það hefði á samfélag, íbúðarþróun og eftirspurn eftir húsnæði í sveitarfélaginu og hvernig uppbygging samræmist stefnu sveitarfélagsins borið saman við núllkost.

3.4.3 NIÐURSTAÐA SAMANBURÐAR

Íbúðarbyggð (sjá kafla 3.1.1, 4.2.1 og 5.2.1)	Lýsing á áhrifum aðalskipulagstillögunnar	Núllkostur
<i>Náttúra</i>	Með uppbyggingu íbúðarbyggðar er töluvert land brotið undir byggð sem er þó í nánum tengslum við núverandi byggð í Þorlákshöfn og í Árbæjarhverfi. Landið hefur þó ekki sérstakt vermdargildi m.t.t. til náttúrfars eða vegna jarðfræði.	Óveruleg áhrif á náttúrufrarslega þætti þar sem ekki er gengið á önnur svæði fyrir íbúðarbyggð.
<i>Auðlindir</i>	Íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg vegna náttúrufrars, sögu eða almenns útivistargildis. Landrýmið sem bæjarfélagið hefur til framtíðar uppbyggingar er umfangsmikið og er hér því ekki um mjög takmarkaða auðlind að ræða. Óveruleg áhrif á vermdarsvæði, orkunotkun, vatnsnotkun og jarðefnanotkun. Ekki er talið að stefna sveitarfélagsins varðandi uppbyggingu minniháttar atvinnurekstrar muni hafa áhrif á verðmæt landbúnaðarsvæði í sveitarfélaginu þar sem uppbygging mun fara fram á svæðum sem þegar eru röskuð og lítt notuð til landbúnaðar. Þéttning íbúðarbyggðar styttr vegalengdir og dregur úr notkun jarðefnaeldsneytis.	Óveruleg á auðlindir.
<i>Samfélag</i>	Jákvæð áhrif þar sem íbúðarbyggð er skipulögð með tilliti til náttúruvár og aðgengi að útivist. Jákvæð áhrif því húsnæðisframboð og búsetukostum fjölgar. Jákvæði áhrif á íbúðarþróun. Ef í ljós koma forleifar á svæðinu þá verður þess gætt að þeim verði ekki raskað og gerð krafa um að þær verði merktar og auki þannig fræðslugildi svæðisins. Tenging íbúðarsvæða við samgönguæðar verður góð og tryggt verður gott aðgengi hjólandi og gangandi vegfarenda.	Neikvæð áhrif á samfélagslega þætti þar sem ekki er verið að mæta hugsanlegri íbúðarþróun í sveitarfélaginu.

Á heildina litið eru markmið og leiðir í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022, sem snúa að þróun íbúðarbyggðar líkleg til að hafa jákvæð áhrif á íbúðarþróun og þróun byggðar. Með fyrirhugaðri íbúðarbyggð á völdum svæðum í dreifbýli og Árbæ eru skapaðar forsendur fyrir góðu framboði á lóðum í samræmi við markmið í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 sem og aukin fjölbreytni lóða. Helsti styrkleiki svæðisins sem búsetukostur er yfirbragðið og skal gæta þess að rjúfa ekki þau tengsl en með því að sýna varkarni við hönnun og uppbyggingu íbúðarbyggðar í sveitarfélaginu, t.a.m. með mótvægisáðgerðum, má draga úr þeirri röskun. Að þessu leyti er æskilegra að íbúðarsvæðin þróist sem klasar af íbúðarbyggð á stórum lóðum þar sem með samlegðaráhrifum má ná hagkvæmari lögnum, frárennsli og vegakerfi.

Núllkostur gengur út á það að haldið verði í stefnu gildandi aðalskipulags sem gengur út á byggð á svæðinu við Hvammshring og Árbæ. Því er áætluð breyting nær eingöngu til að skilgreina núverandi byggð við Hvammshring og Árbæ, gera hana heildstæðari og auka fjölbreytni. Stefna aðalskipulags hefur jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti en hún kallar á aukna þjónustu og auknum tekjum til sveitarfélagsins. Áhrif á náttúrufrarslega þætti eru óverulegir. Sjónræn áhrif vegna aukinnar byggðar getur þó haft talsvert neikvæð áhrif á landslag, sé ekki vandað til skipulags byggðarinnar. Áhrif núllkosts eru ekki í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um að auka framboð á rúmum lóðum í sveitarfélaginu en er að öðru leyti jákvæð eða óveruleg.

**3.4.4 MÓTVÆGISADGERÐIR VEGNA STEFNU AÐALSKIPULAGS**

Kröfur um ásýnd bæjarins á hönnunar- og deiliskipulagstigi geta komið í veg fyrir neikvæð áhrif á ásýnd. Mikilvæg gróðursvæði verði ekki skert og ekki verði gengið á mikilvæg búsvæði fugla. Þess verði gætt við hönnun mannvirkja að jarðvinnsla við gerð þeirra verði í lágmarki. Landslagsmótun verði í samræmi við það landslag sem fyrir er á svæðinu. Tekið verði tillit til náttúruvár við uppbyggingu íbúðarsvæða.

3.4.5 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Frá gildandi aðalskipulagi er sett fram stefna um fjölgun opinna svæða til sérstakra nota. Annars vegar svæði fyrir vélhjólakstur á Hafnarsandi norðan Þorlákshafnar og tillaga um stækkun golfvallarsvæðis að Eyrar-bakkavegi. Um er að ræða stækkun ef til þess kæmi að stækka þyrfti uppland hafnarsvæðis. Ef hafnarsvæðið kallar á frekari stækkun þá þyrfti að minnka núverandi golfvallarsvæði til suðurs.

Opin svæði til sérstakra nota (sjá kafla 3.1.3, 4.2.2 og 5.2.2.)	Stefna aðalskipulags um opin svæði til sérstakra nota	Núllkostur
Náttúra	Með uppbyggingu golfvallar og vélhjólaksturssvæðis eru óveruleg/ óljós áhrif á náttúruframsæðni þætti. Um er að ræða sandorpin hraun eða sanda sem hafa verið að hluta til grædd upp en annars tiltölulega ógróin.	Óveruleg áhrif á náttúruframsæðni þætti þar sem ekki er gengið á önnur svæði fyrir opin svæði til sérstakra nota.
Auðlindir	Óveruleg áhrif á landrymi, vatn, jarðefni, verndarsvæði og orku.	Óveruleg á auðlindir.
Samfélag	Jákvæð áhrif þar samfélagslegið þar sem verið er að auka við möguleika til útivistar. Óljós eða óveruleg á fornleifar. Ef í ljós koma fornleifar á svæðinu þá verður þess gætt að þeim verði ekki raskað og gerð krafa um að þær verði merktar og auki þannig fræðslugildi svæðisins. Tenging íbúðarsvæða við samgönguæðar verður góð og tryggt verður gott aðgengi hjólandi og gangandi vegfarenda.	Neikvæð/óveruleg áhrif á samfélagslega þætti þar sem ekki er verið að mæta hugsanlegri aukinni eftirspurn eftir fjölbreyttum útivistarmöguleikum fyrir íbúa í sveitarfélaginu.

3.4.6 NIÐURSTAÐA SAMANBURÐAR

Á heildina lítið eru markmið og leiðir í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022, sem snúa að opnum svæðum til sérstakra nota líkleg til að hafa óveruleg umhverfisáhrif. Jákvæð áhrif eru talin vera á samfélag þar sem verið er að auka við útivistarframboð í sveitarfélaginu.

Núllkostur er ekki í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og er talin vera neikvæður á samfélagið þar sem ekki er verið að svara aukinni eftirspurn eftir fjölbreyttum útivistarmöguleikum.

3.4.7 MÓTVÆGISADGERÐIR VEGNA STEFNU AÐALSKIPULAGS

Ekki eru lagðar til sérstakar mótvægisáðgerðir þar sem stefna aðalskipulags er í flestum tilfellum óveruleg eða jákvæð.

Samfélag og byggð	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Íbúðarsvæði	0	0/+	0/+
Fristundabyggð	0	0	0
Opin svæði til sérstakra nota	0	0	0/+

Tafla 3-4. Umhverfisáhrif stefnu um samfélag og byggð.

3.4.8 HEILDARNIÐURSTAÐA UMhverfisÁHRIFA FYRIR SAMFÉLAG OG BYGGÐ

Líkleg áhrif tillögu að aðalskipulagi um samfélag og byggð eru í flestum tilfellum óveruleg. Stefnt er að fjölbreyttu framboði íbúðahúsnæðis innan Þorlákshafnar, Árbæjarhverfis og á völdum svæðum í dreifbýli. Það landrými sem kemur til með að raskast vegna áætlaðrar byggingar nýrra íbúðahverfa hefur ekki sérstakt verndargildi og er nú þegar með yfirbragð sem einkennir íbúðarsvæði og ásýndarbreyting verður því óveruleg. Stefna aðalskipulags fyrir íbúðarbyggð er talin hafa jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn *samfélag* þar sem höfuðáhersla á næstu árum verður að þetta núverandi byggð og tryggja umferðaröryggi og nálægð við þjónustu.

Opin svæði fyrst og fremst ætluð til útivistar. Breytingar frá staðfestu aðalskipulagi felast í því að stefnt er að stækkun golfvallarins í til norðurs og nær hann að Eyrarbakkegi og svæði fyrir vélhjólakstur á Hafnarsandi. Nauðsynlegt þykir að líta til stækkunar golfvallar ef til uppbyggingar stórskipahafnar kæmi. Uppbygging hafnar gæti kallað á stærra uppland sem næði yfir suðursvæði núverandi golfvallar. Breytt stefna frá staðfestu aðalskipulagi er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag þar sem gert er ráð fyrir aukinni afþreyingu. Aftur á móti er verið að breyta ásýnd lands og lífríki með stækkun golfvallar og þeim framkvæmdum sem því fylgir, en líta má þó þær aðgerðir sem vissar landbætur þar sem fyrirhugað svæði fyrir golfvöll eru ógrónir sandar að miklu leyti.

4 MAT Á UMhverfisÁHRIFUM FRAMKVÆMDA

4.1 FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMhverfisÁHRIFUM

Samkvæmt viðauka 1 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þurfa loftlínur sem eru utan þéttbýlis og flytja raforku með 66kV spennu eða hærrí að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru hafnir þar sem skip stærrí en 1.350 tonn geta siglt um ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt viðauka 2 þessara sömu laga þá eru landfyllingar sem eru 5 ha eða stærrí einnig háðar mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt viðauka 1 og 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 þá eru ákveðin samgöngumannvirki háðar mati á umhverfisáhrifum. Líklegt þykir að þessi lög nái til hluta eða allra þeirra framkvæmda sem lagðar eru til í aðalskipulagi Ölfus 2010-2022.

Samkvæmt viðauka 2 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að meta áhrif djúpborana eftir jarðhita á lághitasvæðum ef ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni borholusvæðis.

Samkvæmt viðauka 1 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er skolphreinsistöð fyrir 50.000 persónueiningar eða meira háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt viðauka 1 og viðauka 2 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum kunna efnisnámur að vera matsskyldar.

5 SAMRÁÐ

Aðalskipulagstillaga fyrir Sveitarfélagið Ölfus hefur verið til umfjöllunar hjá skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn síðan árið 2008. Við mótun Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022 var víða leitað eftir athugasemdum og ábendingum bæði hjá nágrennasveitarfélögum, ríkisstofnunum og öðrum hagsmunaaðilum.

5.1 KYNNING UMHVERFISSKÝRSLU

Tillaga að Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 og umhverfisskýrsla verður kynnt umsagnar aðilum og almenningi og auglýst með lögformlegum hætti. Umsagnaraðilum og almenningi gefast sex vikur til að kynna sér aðalskipulagið og umhverfisskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum áður en aðalskipulagið er afgreitt og staðfest.

6 SAMANLÖGÐ ÁHRIF

Líkleg áhrif Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022 eru á heildina litið jákvæð á samfélag sveitarfélagsins en gert er ráð fyrir fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, eflingu atvinnutækifæra með uppbyggingu hreins iðnaðar og öflugu samgöngukerfi. Horft er til aukinnar verndunar og stefnumótunar fyrir verndarsvæði þar sem sjónarmið útivistar og ferðamennsku vega nokkuð mikið. Talsvert land er ætlað fyrir iðnaðarsvæði sem getur haft jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Lagt er til að settar verði fram kröfur um ásýnd, hlutfall grænna svæða, umhirðu, umgengni á þessum svæðum og gerðar eru kröfur um að hljóðvist og loftmengun séu ávallt til fyrirmyndar og nýjustu og bestu tækni sé beitt til að fylgja þeim kröfum eftir. Með þessu móti má gera umrædd svæði að aðlaðandi og eftirsóknaverðum vinnustöðum. Í Aðalskipulaginu er svo litið á að jarðvarmavinnsla, útivist og náttúruvernd geti farið vel saman sé þess gætt að lágmarka rask vegna framkvæmda og koma í veg fyrir áberandi mannvirki á öröskuðu landi. Stefnumótunin og aðalskipulagsvinnan sýna mikinn vilja til að styrkja og efla sveitarfélagið á mörgum sviðum og leitast er við að samrýma umhverfisvernd, nýtingu auðlinda og tækifæri á sviði atvinnu og samgangna. Umhverfismat Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022 er því liður í að aðalskipulagsvinnan stuðli að sjálfbæri þróun í samræmi við markmið 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.



7 VIÐAUKI

Umhverfisþáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið	Umhverfis vísar
Náttúra					
Landslag	Áhrif stefnumörkunar á ásýnd landslags, þ.e vegna aukinnar byggðar, samgöngumannvirkja og háspennulína.		Hefur áætlun áhrif á: Náttúrulegt landslag? Ásýnd sveitarfélagsins?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Leiðbeiningarbæklingur Skipulagsstofnunar	
Jarðfræði og jarðmyndanir	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa bein áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir. Annars vegar að nýtt land er tekið undir byggð og samgöngumannvirki og hins vegar vegna efnisþarfa/námutöku við uppbyggingu.		Viðkvæm svæði? Svæði eða stök með verndargildi?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndar-áætlun 2009 – 2013. Samráð/álit: Umhverfisstofnun	
Gróðurfar og dýralíf	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa bein áhrif á lífríki. Áhrif vegna nýrra svæða sem tekin eru undir byggð eða mannvirki. Einnig eru óbein áhrif möguleg, t.d. vegna aukinnar umferðar, hávaða og framkvæmda.		Stærð verndarsvæða? Mikilvæg búsvæði? Mikilvæg gróðursvæði? Hverfisverndarsvæði? Votlendi? Líffræðilegan fjölbreytileika? Sjaldgæfar vistgerðir? Válistategundir?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 – 2013. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd Náttúruminjaskrá Ríósamningur um líffræðilegan fjölbreytileika, Bernarsamningur um verndun búsvæða, Samráð/álit Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun,	
Vatnafar	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa bein áhrif á vatnsverndarsvæði og vötn sem njóta sérstakrar verndar.		Vatnsverndarsvæði (brunn-, grunn- eða fjarsvæði)? Vötn sem eru stærri en 1000m ² ? Ár og lækir?	Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd Samráð/álit: Heilbrigðiseftirlit	



Umhverfispáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið	Umhverfisvísar
Auðlindir					
Landrými	Áhrif stefnumörkunar hefur bein áhrif á landrými sem fer undir byggð og samgöngumannvirki.		Stærð byggðra svæða? Nýtingu landrýmis (íbúðir/ha) og samgöngur? Hlutfall milli byggðs og óbyggðs lands	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Leiðbeiningarbæklingur Skipulagsstofnunar	
Verndarsvæði	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa áhrif á verndarsvæði.	Náttúru-minjaskrá. Náttúru-verndar-áætlun	Stærð verndarsvæða? Fjöldi verndarsvæða? Gæði/eðli verndarsvæða?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Samráð/álit: Umhverfisstofnun	
Orka	Áhrif stefnumörkunar hefur bein áhrif á orkunotkun, sérstaklega m.t.t. samgangna og uppbyggingu nýs iðnaðar.		Orkunotkun (heild og á hvern íbúa)	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020.,	
Vatn	Áhrif stefnumörkunar hefur bein áhrif á vatnsnotkun. Fjölgun íbúa og atvinnustarfsemi		Vatnsnotkun/íbúa Vatnsstöðu vatnsbóla? Þörf á nýjum vatnsbólum?	Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd Samráð/álit: Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Vestra	
Jarðefni	Áhrif stefnumörkunar hefur áhrif á jarðefnanotkun, þ.e. vegna uppbyggingar.		Fjöldi náma?	Stefna aðalskipulags um námur.	



Umhverfispáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið	Umhverfisvísar
Samfélag					
Samgöngur	Áhrif stefnumörkunar hefur bein áhrif á samgöngukerfi og umferð	Samgönguáætlun 2002-2014 Umferðaspá Vegagerðarinnar (2004)	Ferðavenjur og fjölda ferða? Akstursvegalemdir? Landrymi fyrir samgöngumannvirki? Þjónustustig samgöngukerfis? Aðgengi gangandi-, hjólandi og ríðandi vegfarenda?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Reglugerð um Hafnarmál nr. 626/2004	Daglegur ferðamáti til vinnu. Umferð og tegund umferðar.
Efnahagur	Atvinna		Fjölbreytt atvinnutækifæri?		Fjöldi starfa í sveitarfélaginu
Félagslegt umhverfi	Áhrif stefnumörkunar hefur áhrif á íbúapróun, húsnæðisframboð og búsetukosti og útivistarsvæði		Fjölbreytt húsnæðisframboð? Fjölbreytta búsetukosti? Íbúapróun?		
Heilsa	Mengun Áhrif stefnumörkunar kann að hafa áhrif á heilsu íbúa. Fyrst og fremst vegna mengunar frá umferð (útblastur og hávaði).	Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða.	Loftgæði (sbr. 2.1)? Fjöldi/stærð svæða þar sem hljóðstig er yfir viðmiðunarmörkum?	Reglugerð 933/1999 um hávaða. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun-arvarnir. Suðurlandsvegur, Hveragerði-Selfoss. Mat á umhverfisáhrifum	Hávaði vegna umferðar
Menningarminjar	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa áhrif á menningarminjar.		Fornminjar? Húsavernd? Búsetu/menningarlandslag?	Lög nr. 107/2001 um þjóðminjar. Samráð/álit: Fornleifavernd ríkisins.	
Öryggi	Athuga þarf stöðu byggðar og samgöngumannvirkja m.t.t. náttúruvár. Fyrst og fremst um að ræða jarðskjálfta og vatnsflóð.		Er/verður náttúruvá til staðar á: Núverandi byggðasvæðum? Nýjum byggðasvæðum? Núverandi samgöngumannvirkjum? Nýjum samgöngumannvirkjum?	Samráð/álit: Veðurstofa Íslands, Vegagerðin Lög um sjóvarnir nr. 28/1997	
Sorp og fráveita	Áhrif stefnumörkunar hefur áhrif á losun úrgangs.		Hefur áætlun áhrif á: Sorpförgun? Veitukerfi?	Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp	



8 HEIMILDASKRÁ

Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.

Stjórnartíðindi A. LÖG UM NÁTTÚRUVERND nr. 44/1999, 140/2001.

Stjórnartíðindi A. SKIPULAGSLÖG nr. 123/2010

Stjórnartíðindi S. LÖG UM UMHVERFISMAT ÁÆTLANA 105/2006.

Stjórnartíðindi A. ÞJÓÐMINJALÖG nr. 107/2001.

Stjórnartíðindi A. LÖG UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM nr. 106/2000.

Stjórnartíðindi B. SKIPULAGSREGLUGERÐ nr. 400/1998, 47/2001.

Stjórnartíðindi B. REGLUGERÐ UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM nr. 67/2000.

Stjórnartíðindi B. MENGUNARVARNAREGLUGERÐ nr. 48/1994.

Stjórnartíðindi B. REGLUGERÐ UM VARNIR GEGN MENGUN VATNS nr.796/1999.

Stjórnartíðindi B. REGLUGERÐ UM BREYTINGU Á REGLUGERÐ nr. 796/1999 UM VARNIR GEGN MENGUN VATNS.

Stjórnartíðindi B. REGLUGERÐ UM FRÁVEITUR OG SKÓLP nr. 798/1999.

Stjórnartíðindi B. REGLUGERÐ UM SKIPULAGS-, BYGGINGA- OG UMHVERFISMÁL Á VARNARSVÆÐUM.

Umhverfisráðuneytið 2002. Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Umhverfisráðuneytið

Þjóðminjasafn Íslands. Fornleifanefnd 1990. Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík, 1990.